

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, breyting við Vesturlandsveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Lega stofnbrautar frá Vesturlandsvegi til austurs breytist.
- Tengibraut austan Vesturlandsvegar færir vestur fyrir veginn að hluta og því samhliða eru gerðar breytingar á göngu- og reiðstígum.
- Miðsvæði M8, norðan tengibrautarinnar, er breytt í opið svæði til sérstakra nota og merkt kirkjugarður en miðsvæðið færir að hluta vestur fyrir Vesturlandsveg.
- Skilgreiningar á miðsvæðum á skipulagssvæðinu eru endurskoðaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 9. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.